



Námskrá

árgangur 2016

Skólaárið 2021-2022

Berg:

Deildarstjórar: Jóhanna Ólöf Reynisdóttir og Jóhanna Sveinbjörnsdóttir

Símanr. 433-1271

Efnisyfirlit

Dagskipulag.....	3
Verkefni dagsins.....	3
Verkefni sem við ætlum að vinna í vetur.....	4
Leikurinn.....	4
Flæði.....	4
Brúum bilið – Skólaheimsóknir.....	5
Markmið verkefnisins er.....	5
Skólastjóraheimsóknir.....	5
Haustskóli.....	5
Söngsamverur.....	5
Vorskóli.....	6
Íþróttadagur og Húllumhæ.....	6
Hljóm-2.....	6
Læsi.....	6
Jóga / Leikfimi.....	7
Útivera.....	7
Fataherbergi.....	7
Samverustundir.....	8
Hreinlætisvenjur.....	8
Máltíðir.....	8
Umhverfismennt og vettvangsnám.....	9
Moltun með ornum.....	9
Nemandi vikunnar.....	10
Bókaormur.....	10
Orðspor.....	10
Árstíðarbundin verkefni.....	11
Jólaverkstæði.....	11
Foreldrasamstarf.....	11
Sólblómaleikskóli.....	12
Veikindi.....	12
Dót að heiman.....	13
Praktísk atriði sem gott er að hafa í huga.....	13

Dagskipulag

- KI 7.30** Leikskólinn opnar á Læk
KI 7.45 Deildar opna
KI 8.00 Morgunverður
Frjáls leikur
KI 9.00 Morgunsamvera
Allir boðnir velkomnir.
Farið yfir hvaða dagur er í dag.
Farið yfir skipulag dagsins.
KI 9.30 Verkefni dagsins
KI 11.00 Tvískipt samvera
Söngur- leikir- lestur
KI 11.30 Hádegisverður
KI 12.30 Útivera
KI 15.00 Nónhressing
KI 15.45 Frjáls leikur
KI 16.15 Deildar sameinast á Læk
KI 16.30 Leikskólinn lokar

Verkefni dagsins

- Mánudagur:** Ævintýraferðir/ Frjáls leikur
Þriðjudagur: Leikur/ Þemavinna
Miðvikudagur: Ævintýraferð/ Frjáls leikur
Fimmtudagur: Leikur/Jóga/ Þemavinna
Föstudagur: Ævintýraferðir/ Frjáls leikur/ Íþróttir

Hafa ber í huga að dagskipulagið er viðmið og dagskráin getur breyst.

Ástæðurnar geta verið margar t.d. Veikindi starfsfólks, önnur verkefni, veðrið o.s.frv.

Verkefni sem við ætlum að vinna í vetur

- Brúum bilið – skólaheimsóknir
- Leikfimi í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum
- Lubbi finnur málbein
- Samvinna
- Nemandi vikunnar
- Markviss málörvun
- Vökudagar á Akranesi
- Jólaverkstæði
- Bókaormur
- Orðspor
- Öskudagsbúningar
- Hjálparsveitin Lóurnar
- Barnasáttmálinn

Leikurinn

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Við leggjum áherslu á að gefa leiknum tíma og leitumst við að skapa umhverfi og aðstæður þar sem börnin geta þróað leiki sína. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins, í gegnum leikinn vinna börnin úr reynslu sinni, hugsunum og tilfinningum. Við hvetjum börnin til að sækja sjálf það sem þau þurfa í leikinn og ganga frá eftir sig.

Flæði

Flæði í leikskólum birtist með því að fanga áhuga barnsins í verkefni sem það velur sér sjálft að sinna. Verkefnið hefur einhverja þýðingu fyrir barnið og það helgar verkefninu tíma sinn og engir utanaðkomandi þættir trufla einbeitingu barnsins. Starfsfólk leikskólans spilar stóran þátt í því að barnið nái að upplifa flæðið. Það er þeirra að skapa réttu aðstæðurnar og möguleikanna til að börnin nái því. Starfsfólk þarf að vera þátttakendur í því að gefa athöfnum gildi með því að vera meðvitað um að einbeita sér og veita athöfnum barnanna athygli. Það er starfsfólksins að vera vel

vakandi yfir hvaða verkefni vekja athygli. Til að fá barn með í verkefni þarf það að vera áhugavert og viðkomandi starfsmaður þarf líka að vera tilbúinn að breyta út frá fyrirfram ákveðnum verkefnum og geta fylgt því sem börnin hafa áhuga á að gera.

Brúum bilið – Skólaheimsóknir

Brúum bilið er heiti á samstarfi elsta árgangsins í leikskólanum og 1. bekkjar grunnskólans.

Markmið verkefnisins er

Að koma á samstarfi og skapa samfellu milli þessara tveggja skólastiga

Að byggja upp gagnkvæma þekkingu kennara á starfi skólastiganna

Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla

Að kynna þeim fyrir grunnskólanum sínum.

Skólastjóraheimsóknir

Öll elstu börnin fara í heimsókn í grunnskólana. Skólastjórar taka á móti börnunum og sýna þeim skólana. Þessar heimsóknir fara að öllu jafna fram fyrri hluta september mánaðar.

Haustskóli

Í október fara börnin í þrjá daga í sinn grunnskóla og dvelja þar í um þrjá tíma og fá að kynnast því hvernig er að vera í skóla.

Söngsamverur

Tvær sameiginlegar söngsamverur verða í vetur. Grunnskólarnir skiptast á að stjórna söngsamverunum. Í nóvember verður söngsamvera í sal Grundaskóla. Brekkubæjarskóli býður í söngsamveruna í febrúar og verður hún í sal Brekkubæjarskóla

Vorskóli

Í apríl fara börnin í þrjá daga í sinn grunnskóla og dvelja þar í um þrjá tíma .

Íþróttadagur og Húllumhæ

Í maí er sameiginlegur íþróttadagur í Akraneshöllinni. Þá hittast öll börn úr 1. bekk í grunnskólunum og útskriftarárgangar allra leikskólanna. Íþróttadagurinn endar svo á húllumhæ.

Hljóm-2

Hljóm-2 próf lagt fyrir öll börn á elstu deild. Hljóm-2 er aðferð sem kannar hljóð- og málvitund barna. Börn á aldrinum 4 - 6 ára eru flest komin með nokkuð gott vald á móðurmálinu. Á þessum aldri fara þau að leika sér á annan hátt að tungumálinu, þau búa til ný orð og fara að bullríma eða finna út hvaða orð ríma saman og hver ekki. Þessi orðaleikur þeirra er undanfari lestrarnáms. Niðurstöður úr **Hljóm-2** geta sagt til um hvað og hvernig hægt er að örva málþroska barna í leikskóla og heima fyrir og undirbúa þau fyrir lestrarnám síðar meir.

Læsi

Markmið með læsi er að gera nemendur virka þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa úr umhverfinu og nýta þann miðil og þá tækni sem er fyrir hendi.

Leiðir til að efla læsi:

- ❖ Stafainnlögn-kynna stafrófið fyrir þeim
- ❖ Markviss málörvun
- ❖ Rím
- ❖ Vinna með hljóðkerfisvitund þeirra
- ❖ Auka orðforða og kenna þeim ýmis hugtök
- ❖ Umræður
- ❖ Heimsóknir í bókasafnið

- ❖ Lestrarsamverur-sögugerð
- ❖ Tónlist og söngur

Jóga / Leikfimi

Leikskólinn Akrasel leggur áherslu á jóga með börnum. Við erum með skipulagðar jógastundir einu sinni í viku með Ísabellu. Í jógastundum fara börnin í jógaleiki, slökun og fá e.t.v. nudd frá hvert öðru. Með slíkri nánd skapast öryggi milli barnanna og því minni líkur á árekstrum á meðal þeirra.



Einn liður í Brúum bilið samstarfi leik- og grunnskóla er leikfimi í íþróttahúsinu við Jaðarsbakka. Í íþróttahúsinu æfum við okkur í búningsklefanum að klæða okkur sjálf í og úr. Hver leikfimistími er um 40 mínútur og verður honum skipt niður í fjölbreyttar æfingar, þar sem reynir á styrk, þol og einbeitingu. Jóga er ein leið til slökunar og hreyfinga. Mikilvægt að er vera í þægilegum og léttum klæðnaði í leikskólanum og sérstaklega þá daga sem mikil hreyfing er. Klæðnað sem börnin eiga sjálf auðvelt með að klæða sig úr og í.

Útivera

Við förum a.m.k. einu sinni út á dag og er það yfirleitt eftir hádegi. Gott er að börnin hafi meðferðis klæðnað og skófatnað sem hentar veðri hverju sinni. Betra að hafa meira en minna.

Fataherbergi

Við ætlum að leggja áherslu á að gera börnin enn sjálfstæðari í fataherberginu. Efla þau í að klæða sig sjálf, renna upp, setja hlífðarbuxur utan yfir stígvél/kuldaskó ofl. Þau æfa sig einnig í að ganga frá fötunum sínum í hólfin sín, ná sér í aukaföt í kassana og ganga snyrtilega um fataherbergið. Við hvetjum ykkur til að leyfa börnunum að æfa sig í að klæða sig í og úr útifötunum!

Mikilvægt er að:

- ❖ Merkja fót og skó/stígvél barnanna vel
- ❖ Hafa nóg af aukafötum í kassanum og fylgjast með hvort þurfi að fylla á þá.
- ❖ Að börnin hafi **ávallt** klæðnað eftir veðri og vindum
- ❖ Tæma allt úr hólfum á föstudögum

Samverustundir

Við erum með samverustundir á morgnana (ávaxtastund) og fyrir hádegimat. Í samverustundum er farið yfir verkefni dagsins, farið í leiki, lesið, sungið, dansað og spjallað.

Hreinlætisvenjur

Við munum halda áfram að æfa sjálfstæði barnanna á salerni og almennar hreinlætisvenjur. **Við mælum eindregið með því að börnin byrji að æfa sig í að skeina sig sjálf!**



Máltíðir

Við leggjum áherslu á að nota hnífapör, þá bæði hníf og gaffal. Við byrjum í haust með borðstofu inni á Gljúfri. Þar skammta börnin sér sjálf á diskana af hlaðborði. Börnin velja sér sjálf hvar þau sitja og með hverjum þau sitja.

Í leikskólanum er lögð áhersla á fjölbreyttan mat og hollan. Enginn hvítur sykur er notaður í matseld. Í morgunmat er í boði ýmist hafragrautur, weetabix eða kornfleks ásamt-AB mjólk. Misjafnt er hvað boðið er upp á sem meðlæti en það getur verið t.d. kanill, heimagert músli, kókosmjöl, heimalagað eplamauk eða rúsínur. Við hvetjum börnin til að smakka! Boðið er upp á Lýsi. Matseðil leikskólans er að finna í Karellen

Umhverfismennt og vettvangsnám



Leikskólinn Akrasel leggur áherslu á umhverfismennt og fékk skólinn afhentan Grænfánan í fyrsta skiptið árið 2011. Markmiðið er að gera börnin virk í flokkun, endurnýtingu og moltun. Á hverri deild eru flokkunarkassar fyrir pappír, börnin sjá um að skola og þurrka tómar mjólkurfurnur og fara með í endurvinnslu. Einnig söfnum við öllum lífrænum úrgangi á deildinni til moltunar.

Markmið vettvangsnáms eru margvísleg. Þar kynnast nemendur náttúrunni og þeirri menningu og samfélagi sem þeir búa í. Einnig er aukið hreyfing barna mikilvæg, meira þol og betri hreyfifærni. Nemendur öðlast betri félagslega færni, þeir eru í miðju atburðanna, læra um lýðræðisleg vinnubrögð, að eiga samskipti hver við annan og taka ábyrgð. Annar kostur er sá að skilningur nemenda á náttúrunni, vísindum og umhverfi eykst. Tekist er á við fjölbreytileg verkefni við raunverulegar aðstæður. Aukin einbeiting og ró eftir hressandi útiveru í fersku lofti og betri tengsl nemenda við viðfangsefnið vegna fjölbreyttari kennslu og námsaðferða eru einnig góðir kostir.

Við eigum kartöflugarð í Skógræktinni þar sem við setjum niður kartöflur að vori og tökum upp að hausti.

Moltun með ornum

Við erum komin með orma sem kallast haugánar (e. Red wiggler), og hafa lengi fundist í íslenskri náttúru. Þeim líður best í hita yfir 10 gráðum og hafa fundist á hitasvæðum, til dæmis á Flúðum og í Borgarfirði.

Ormarnir eru fóðraðir á stórum hluta þess sem fellur til frá leikskólanum, til að mynda grænmeti, kaffi, tei, eggjaskurn og sumum ávöxtum. „Þeir vilja ekki sítrusávexti og það þýðir lítið að gefa þeim lauk og hvítlauk. Þessi hluti fóðursins er kallaður græni hlutinn. Til viðbótar þurfa þeir brúnan hluta, en hann kemur úr pappír og laufblöðum sem við söfnum úr nágrenninu. Þeir borða dagblöð, eggjabakka og alls konar pappír sem ekki er með plasti eða öðrum efnum. Þeir borða ekki sjálfan matinn heldur örverurnar sem vaxa á matnum. Þeir tæta þetta í sig og framleiða fínustu moltu.“

Hver deild á kassa inn á deild þar sem ormarnir búa og verðum við að passa að gefa þeim að borða reglulega.

Nemandi vikunnar

Nemandi vikunnar er dreginn hvern föstudag. Nemandi vikunnar hefur fær ýmisleg verkefni upp í hendurnar t.d er hann moltustjóri, veðurfræðingur og öryggisvörður. Veðurfræðingurinn þarf að gá til veðurs og velta fyrir sér hvernig klæðnaður hentar í útiveru. Öryggisvörður fer í eftirlitsferð um leikskólann og athugar meðal annars að rafmagnsnotkun sé í hófi, ástand reykskynjara og að vatnsnotkun sé hófleg. Öryggisvörður fer með gátlista heim sem fara þarf yfir með foreldrum.

Bókaormur

Hvert barn fær titilinn „Bókaormur vikunnar“ eina viku í senn Hlutverk bókaormsins felst í því að barnið velur, með aðstoð foreldra, bók sem það á heima eða fær lánaða á bókasafni. Bókin er lesin fyrir barnið heima og sagan rædd svo barnið þekki hana ágætlega (gott er að lesa sömu söguna alveg 3x yfir vikuna). Haldin er svo bókakynning þar sem barnið kemur með bókina í leikskólann og segir frá bókinni í samverustund. Við lesum bókina svo fyrir deildina og í kjölfarið verða unnin verkefni og bókin skráð í stóran bókaorm sem við ætlum að fylgjast með vaxa á veggnum okkar.

Bókaormur vikunnar fær einnig það hlutverk að fylgjast með bókakörfunni okkar inni á deild; velja í hana nýjar bækur og skila gömlu fram.

Orðspor

Við í Akraseli ætlum að vinna með orðasafn mánaðarins. Við búum til fótafar og setjum orð og mynd þar í og festum þau á gólfið. Þar eru orðspörin sýnileg fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum þar sem þau vekja vonandi upp umræður um orðin. Foreldrar hjálpa börnunum að velja eitt - tvö orð úr bókinni sem þau lesa í tengslum við bókaorminn.

Árstíðarbundin verkefni

Jólaverkstæði

Á elstu deildum í leikskólanum er hlustað á raddir og skoðanir barnanna í tengslum við jólagjöf þeirra til foreldra. Haldinn er fundur með hverju og einu barni og það spurt hvað það vilji gefa mömmu og pabba í jólagjöf og hvernig þau ætli að gera það og hvaða efnivið þau sjá fyrir sér að nota. Börnin vinna svo jólagjöfina sjálf með aðstoð kennara. Oft breytist hugmyndin einhvers staðar í ferlinu og það er bara skemmtilegt ☺. Allt er þetta skráð niður og myndað. Skráningar á vinnunni við jólagjafirnar gefa okkur einstakt tækifæri til að fylgjast með ferli hvers barns, frá því að það fær hugmynd og þar til hugmyndin er fullunnin.

Öskudagsbúningar

Þegar líður að Öskudegi er farið í svipaða vinnu og jólaverkstæðinu. Þau eru spurð að því hvað þeim langar að vera á Öskudaginn. Síðan koma þau með notaða stuttermaboli að heiman og breyta þeim í öskudagsbúning.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er fyrir barnið að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskóla. Við erum með töflu fyrir framan deildina þar sem við segjum frá því helsta sem við erum að gera yfir daginn. Leikskólinn notast við leikskólakerfið Völu. Foreldrar hafa allir aðgang að því kerfi. Skrifleg samskipti fara ýmist fram í skilaboðum í Völu eða tölvupósti.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti þar sem farið er yfir líðan barnsins og niðurstöður úr Hljóm-2 og að vori þar sem farið er yfir þroskamat og líðan barnsins. Foreldraviðtölin á haustin eru val foreldra.

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra eða aðra kennara. Ef það er eitthvað sem ykkur finnst ábótavant eða eruð ánægð með viljum við gjarnan fá að heyra það.

Sólblómaleikskóli

Elstu tveir árgangar í Akraseli taka þátt í sólblómaverkefni SOS barnaþorpanna. Við styrkjum barn í SOS Barnaþorpi. “Drengurinn okkar” Moisé býr á barnaheimili á Fílabeinsströndinni. Sett verður upp tafla á ganginn með mynd og upplýsingum um drenginn og þar geta allir fylgst með. Börnin búa til bauk sem þau fara svo með í bankann. Við munum halda upp á afmæli Moisé

Áhersla er lögð á að leikskólabörnin geti rætt um hvernig aðstæður SOS barnanna séu líkar/ólíkar þeirra eigin. Leikskólabörnin fræðast þannig um önnur lönd og aðra menningarheima og sjá hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja sjálf

Barnasáttmáli

Fram að áramótum munum við fara yfir Barnasáttmálann að mestu leiti með börnunum. Þematengd vinna.

Hálparsveit/Félagsfærni

Estu börnin í leikskólanum ganga í Hálparsveit Akrasels. Samhliða vinnunni með barnasáttmálann og Sólblómaverkefninu munum við vinna með félagsfærni, hjálpssemi ogmannúð í anda Björgunarfélagsins.

Veikindi

Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem og inni. *Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni eða barni sem er að veikjast.* Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningar tilvikum. En boðið er upp á styttri útiveru, síðust/síðastur út og fyrst/fyrstur inn.

Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa.

Dót að heiman

Það eru starfsreglur í leikskólanum að öll leikföng að heiman skulu ekki koma með í leikskólann. Það getur skapað spennu og erfiðleika milli barnanna. Starfsmenn bera ekki ábyrgð á hlutum/leikföngum sem er komið með. Í leikskólanum er að finna hin ýmsu leikföng bæði hefðbundin sem og óhefðbundin og það er skemmtilegt og örvandi fyrir barnið að fá annan efnivið í leikskólanum en það fær heima.

Praktísk atriði sem gott er að hafa í huga

- ❖ Merkja föt og skó/stígvél barnanna vel.
- ❖ Fylla á kassana þegar vantar í þá.
- ❖ Tæma allt úr hólfum á föstudögum.
- ❖ Tilkynna veikindi og fjarveru. Símanúmer er að finna á forsíðu þessa skjals.
- ❖ Láta vita ef einhver annar en foreldi/foreldrar koma að sækja barnið.
- ❖ Fylgja börnunum alla leið inn á deild.
- ❖ Ekki skilja bílana eftir í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Fara heim með stórar leikskólatöskur/poka kassarnir koma í staðinn fyrir töskurnar.
- ❖ Muna eftir útifötum, hlýjum peysum, regnfötum, vettlingum og ullarsokkum.
- ❖ Gefa sér tíma til að fara yfir óskilamuni.
- ❖ Alltaf loka hliðinu inn í garðinn (muna líka að krækja lykkjunni á sinn stað) og alls ekki láta börnin opna hliðin sjálf!

Við hlökkum til að vinna með börnunum ykkar í vetur og eiga ánægjulegt samstarf við ykkur foreldra.